

**1. fundur stjórnarnefndar Þjóðskjalasafns Íslands,
haldinn miðvikudaginn 25. febrúar 2015 í húsakynnum safnsins.**

Fundinn sátu: Guðni Th. Jóhannesson (GTH) formaður, Guðmundur Jónsson(GJ) varaformaður, Jóhanna Gunnlaugsdóttir(JG), Helga Jóna Eiríksdóttir(HJE) og Svanhildur Bogadóttir(SB). Enn fremur sat fundinn Eiríkur G. Guðmundsson(EGG) þjóðskjalavörður. Gunnar Gíslason boðaði forföll.

Fundarritari var Helga Jóhannesdóttir, fjármálastjóri Þjóðskjalasafns Íslands.

Dagskrá:

1. Kynning á safninu, hlutverki þess og aðstæðum
2. Hlutverk nefndarinnar
3. Starfshættir nefndarinnar
4. Stefna safnsins 2014-2018 kynnt
5. Starfsáætlun og áherslur ársins 2015
6. Fjárlagatillögur 2016
7. Breytingar á skipuriti
8. Frágangur fundargerðar
9. Skoðunarferð um safnið

Guðni Th. Jóhannesson formaður setti fundinn kl.12.10 og gengið var til dagskrár.

1. Kynning á safninu, hlutverki þess og aðstæðum

Þjóðskjalavörður kynnti Þjóðskjalasafn Íslands, hlutverk þess og aðstæður fyrir nýrri stjórnarnefnd.


2. Hlutverk nefndarinnar

Formaður fór yfir hlutverk stjórnarnefndar skv. 7. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn. Skv. lögnum skal stjórnarnefnd vera þjóðskjalaverði til ráðgjafar um stefnu þjóðskjalasafns Íslands og önnur málefni sem varða starfsemi þess. Stjórnarnefnd á jafnframt að veita þjóðskjalaverði umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir og um skipulag safnsins.

3. Starfshættir nefndarinnar

Formaður lagði fram tillögur að starfsháttum stjórnarnefndar og kynnti þær.

Tillögurnar eru eftirfarandi:



1

Fundir stjórnarnefndar

Miðað er við að fundir séu haldnir 2-3 sinnum á ári en annars eftir atvikum. Fundir skulu að jafnaði ekki vera lengri en 1 – 1,5 tími.

Boðun funda

Stjórnarformaður boðar fundi í samráði við þjóðskjalavörð. Fundarboð ásamt dagskrá og fundargögnum, liggi þau fyrir, eru send með rafrænum hætti til stjórnarmanna og varamanna þeirra. Fundarboð skulu berast tveimur vikum fyrir fund. Komist aðalmaður ekki á fund lætur hann formann vita og boðar hann þá varamann.

Dagskrá funda

Formaður, í samráði við þjóðskjalavörð, semur dagskrá stjórnarnefndarfunda og skal dagskráin fylgja fundarboði. Á dagskrá stjórnarnefndarfunda skal taka fyrir, sbr. 7. gr. laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn:

1. Stefnu safnsins og önnur málefni sem varða starfsemi þess
2. Umsagnir um árlegar starfs- og fjárhagsáætlanir
3. Skipulag safnsins

Nefndarmönnum gefst kostur að koma með tillögur að dagskrárefnum sem senda skal formanni viku fyrir fund til að unnt sé að taka þær á dagskrá.

Ritun fundargerða og fundarsköp


Fundarritun fer fram á fundi. Frá fundargerð er gengið þegar fundi lýkur með undirritun hennar. Starfsmaður safnsins kemur inn á fund og ritar fundargerð. Gögn nefndarinnar eru í vörslu þjóðskjalasafns Íslands og hluti af skjalasafni þess.

Í fundargerð skal getið hvar og hvenær fundur er haldinn og hverjir sitji fundinn. Skrá skal þau mál sem tekin eru fyrir, dagsetningu þeirra, aðila máls og meginefni og hvernig mál er afgreitt. Ekki skal skrá umræður heldur ákvarðanir. Birta skal fundargerðir stjórnarnefndarinnar á vef þjóðskjalasafns.

Umræða um tillögur formanns sem síðan voru samþykktar samhljóða.

4. Stefna safnsins 2014-2018 kynnt

Þjóðskjalavörður kynnti stefnu þjóðskjalasafns Íslands fyrir árin 2014-2018, vinnu við hana og innleiðingu hennar. Hann greindi m.a. frá því að um væri að ræða fyrstu heildstæðu stefnumótun fyrir safnið með þátttöku allra starfsmanna og margra notenda. EGG sagði stefnuna vera nokkur tímamót í starfi safnsins.



5. Starfsáætlun og áherslur ársins 2015

Þjóðskjalavörður lagði fram starfsáætlun Þjóðskjalasafns Íslands og áherslur ársins 2015. Í starfsáætlun koma fram markmið og þær áherslur sem safnið hyggst ná á árinu í samræmi við setta stefnu þjóðskjalasafns árin 2014-2015. Málið rætt og HJE benti á að það vantaði í lið 14 að nefna APEX verkefnið.

Stjórnarnefnd gerir ekki aðrar athugasemdir við starfsáætlun ársins 2015.

6. Rekstraráætlun ársins 2015 og fjárlagatillögur ársins 2016

Þjóðskjalavörður fór yfir rekstraráætlun ársins 2015 en áætlunin hefur verið samþykkt af mennta- og menningarmálaráðuneytinu. Þá var farið yfir fjárlagatillögur fyrir árið 2016 sem skilað var til mennta- og menningarmálaráðuneytisins 18. febrúar. Í tillögunum var lögð áhersla á að fjölga starfsmönnum í rafrænni skjalavörslu og við frágang á eldri safnkosti, fá fé í frágang og skráningu skjalasafna einkavæddra fyrirtækja og niðurlagðra stofnana, öryggisgeymslu fyrir utan höfuðstöðvar safnsins og að sérstök fjárveiting vegna ljósmyndaverkefnis þriggja héraðsskjalasafna yrði nýtt fyrir miðlunarverkefni annarra héraðsskjalasafna.

Orðið var gefið laust um áætlunina og tillögurnar.

7. Breytingar á skipuriti

Þjóðskjalavörður kynnti hugmyndir að nýju skipuriti Þjóðskjalasafns Íslands. Í kjölfar nýrrar stefnu safnsins er mikilvægt að breyta skipuritinu til að ná betur settum markmiðum. Lagt er til að fjölga fagsviði um eitt og því verði þau þrjú, þ.e. skjalasvið, upplýsingasvið og vörslusvið. Áfram verði tvö stoðsvið, þ.e. fjármál – rekstur og húsnæði – geymslur. Auk þess færast tiltekin verkefni á milli sviða. Með fjölgun sviða er leitast við að fækka viðfangsefnum hvers sviðs og dreifa verkefnum betur á milli þeirra. Hvert verkefni fær meira pláss. Sem fyrr eru starfandi starfshópar er starfa þvert á sviðin. Tillagan var kynnt starfsmönnum á starfsmannafundi 16. febrúar 2015.

Málið rætt. Stjórnarnefnd gerir ekki athugasemdir við nýtt skipurit.

8. Frágangur fundargerðar

Fundargerð samþykkt samhljóða.

9. Skoðunarferð um safnið

Þjóðskjalavörður leiddi stjórnarnefnd í skoðunarferð um safnið.

Fundi slitið kl. 13.40

Eyður Þ. Jónsson
Wanvaldur Bogadattin
Helga Jón Eiríksdóttir
Bretinn Le Jónsson
Jóhanna Gunnlaugsdóttir